

61 — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um útför Jóns Sigurðssonar.* — Með þóknanlegu brjefi frá 5. f. m. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað erindi Tryggva alþingismanns Gunnarssonar, þar sem hann fer þess á leit, að kostnað þann, er leiði af greptrun Jóns sál. Sigurðssonar og konu hans á Íslandi megi greiða úr landsjóði Íslands í von um aukafjárveitingu, og hafið þjer jafnframt lagt það til, að greptrunarkostnaðurinn yrði greiddur á þann hátt, sem getið er um í beiðninni. Sökum þessa undanfellið ráðgjafinn ekki þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráðstöfunar, að hið umbeðna er veitt.

62 — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður og vesturumdæminu um fasteignartíund á Vestmannaeyjum.* — Með brjefi frá 19. f. m. hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer fyrirspurn sýslumannsins á Vestmannaeyjum um það, hvort leiguliðar þjóðjarða á Vestmannaeyjum eigi samkvæmt lögum um skattgjald á Vestmannaeyjum frá 14. desember 1877 (A 25) að greiða fasteignartíund til kirkju, prests og fátækra, eða hvort gjald þetta skuli greitt úr landsjóði, sem er eigandi jarðanna. Þjer álitíð úrlausn þessarar spurningar nokkuð vafasama, en með því að tíundin og þau önnur gjöld, sem eyjarbúar eiga að greiða samkvæmt tjeðum lögum, koma í staðinn fyrir miklu hærra og þungbærara gjald (fiskitíundina), sem hvíldi á ábúðundunum og ekki á jörðunum, virðist yður ástæða til þess að ætla, að ábúendur einnig eigi að greiða gjald það, er hjer ræðir um.

Út af þessu vil jeg, um leið og jeg skírskota til þess, sem þjer þannig hafið sagt, taka fram, að heimild vantar með öllu til þess að greiða fasteignartíundina úr landsjóði, sbr. 4. gr. nefndra laga 14. desember 1877 og að niðurlag 2. greinar sömu laga ljóslega sýnir, að lögin hafa gjört ráð fyrir, að ábúendurnir greiddu það, því þar er beinlínis tekið fram, að «frá tíundargjaldi af fasteign veitist engin undanþága af þeirri ástæðu, að tíund hefir eigi verið að undanfögnu greidd af jörðum þar».

Samkvæmt þessu geta ábúendur á þjóðjörðum á Vestmannaeyjum ekki komizt hjá að greiða fasteignartíund til kirkju, prests og fátækra, eins og þeir samkvæmt 2. gr. laga 14. desember 1877 um ábúðarskatt (A, 21) eru skyldir að greiða skatt til landsjóðs af býlum sínum.

63 — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um kostnað við yfirsetunám, sem hætt var við.* — Í brjefi frá 20. f. m. hafið þjer herra amtmaður mælt fram með því, að hjeraðslækninum á Ísafirði verði endurgoldnar úr landsjóði 85 kr. fyrir fæði og húsnæði handa yfirsetukonuefni, er varð að hætta við nám sitt, af því að hún slasaðist í hendi, og takið þjer fram, að það virðist vafasamt, hvort þessi kostnaður verði greiddur úr landsjóði, eða hvort ekki heldur eigi að vísa læknum til að fá borgunina greidda hjá þeim, er komu stúlkunni fyrir hjá honum til kennslu.

Endurgjald það á kostnaði við kennslu yfirsetukvenna, er getur um í 4. gr. yfirsetukvennalaganna frá 17. desbr. 1875 (A. 27) verður ekki skoðað sem skólaölmusa, er veitist hverjum þeim, er hefir löngun til að nema yfirsetufæði; en kostnaður þessi er öllu fremur styrkur til að útvega yfirsetukonur þær, er með þarf í hin ýmsu yfirsetuumdæmi. Sýslunefndin eða aðrir hlutaðeigendur verða því sjálfir að bera skaða þann, sem hlýst af, að viðkomandi yfirsetukonuefni nái ekki svo langt, að það geti tekið að sjer störfn í umdæmi því, er því var